

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



1.6.2018

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 246. mál á 148. löggjafarþingi**

*Vextir og verðtrygging (húsnæðisliður vísitölu neysluverðs)*

Með því frumvarpi sem hér um ræðir er lagt til að verðtrygging sparifjár og lánsfjár verði framvegis miðuð við vísitölu neysluverðs án húsnæðisliðar. Tillagan gerir ekki greinarmun á neytendalánnum og öðru lánsfé eða sparifé, en tekið skal fram að áherslumál Hagsmunasamtaka heimilanna lúta aðeins að neytendalánnum og miðast eftirfarandi umfjöllun við þá afmörkun málefnsins.

Rétt er að benda á að ef frumvarp þetta yrði að lögum myndi það vegna sjónarmiða um afturvirkni líklega aðeins hafa áhrif á ný lán sem yrðu veitt eftir gildistöku slíkra laga, en ekki eldri lán. Reyndar virðist ekki þurfa lagabreytingu til að hafa slík áhrif á eldri lán, þar sem Hagstofa Íslands hefur breytt grunni vísitölu neysluverðs a.m.k. 20 sinnum frá gildistöku laga um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og þannig haft áhrif á umfang útistandandi skuldbindinga, athugasemdalaust. Þannig virðist sem það geti nægt að Hagstofa Íslands ákveði að veita húsnæðisliðnum vægið núll til að afnema áhrif hans á þegar gerða samninga. Þess má geta að óskað hefur verið eftir nánari upplýsingum um söguleg áhrif slíkra breytinga á grunni vísitölu neysluverð með fyrirspurn á þingskjali 1035. Svör við þeirri fyrirspurn geta reynst þýðingarmikil fyrir vinnu starfshóps samkvæmt þingsályktun nr. 17/148 sem ætlað er að leggja mat á forsendur við útreikning verðtryggingar. Mikilvægt er að fulltrúum neytenda verði veitt aðkoma að þeim starfshópi, en samtökin hafa einmitt beint erindi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem óskað er eftir því að fá að tilnefna aðila í starfshópinn.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja að verðtrygging neytendalána verði afnumin með öllu í stað þess að setja á hana plástra eða fikta í vísitöluviðmiðum. Með hliðsjón af öllu framangreindu er því lagt til að 1. gr. frumvarps þessa verði breytt þannig að hún orðist á eftirfarandi hátt:

Við 1. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo:  
Það á þó ekki við um neytendalán eða fasteignalán til neytenda.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is